

Útfærsla að þörfum hvers skóla

Orð af orði má útfæra að þörfum hvers skóla. Til að skila góðum árangri er rétt að miða við minnst 10–12 vikna kennslutímabil. Á þeim tíma þróa kennarar aðferðir sínar og vinnulag, eftir það er markmiðið að vinna með orð og hugtök hríslist inn í almenna kennslu.

Viðbrögð

Viðbrögð hafa verið mjög jákvæð meðal kennara, nemenda og foreldra. Kennarar og nemendur eru tiltölulega fljótir að tileinka sér aðferðir verkefnisins. Formlegt og óformlegt mat kennara er að verkefnið skili mjög góðum árangri, stuðli að eflingu orðaforða, aukí við lesskilning og áhuga nemenda á lestri. Kennarar segja að orðavinnan yti einnig við málfræðisþekkingu og -áhuga. Nokkrir skólar hafa gert Orð af orði að einni af megin-aðferðum í móturmálskennslu á miðstigi.

Ef skólar hafa áhuga á kynningu á verkefninu eða þátttöku í þróunarstarfi næsta skólaár vinsamlegast snúið ykkur til Guðmundar Engilbertssonar, sérfræðings á Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, ge@unak.is, sími 4608570.



Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Miðstöð skólaþróunar HA veitir leik- og grunn-skólum ráðgjafabjónustu um nám og kennslu.

Áherslur:

- Námshættir og árangur í námi
- Læsi
 - Byrjendalæsi
 - Orð af orði
 - Lesskilningur
 - Ritun
 - Fágæti og furðuverk
- Samstarf heimilis og skóla
- Einstaklingsmiðuð kennsla
- Námsmat
- Stærðfræði
- Kennsluhættir

Forstöðumaður:

Birna Svanbjörnsdóttir – birnas@unak.is
Sími 460 8579

Sérfræðingar:

Guðmundur Engilbertsson – ge@unak.is
Ingibjörg Auðunsdóttir – ingibj@unak.is
Jenný Gunnbjörnsdóttir – jennyg@unak.is
Rósa Eggertsdóttir – rosa@unak.is
Þóra Rósa Geirsdóttir – thgeirs@unak.is

Háskólinn á Akureyri - Miðstöð skólaþróunar
Sólborg við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími HA 460 8000
<http://www.unak.is/>

Miðstöð skólaþróunar við
Háskólann á Akureyri

Orð af orði



Háskólinn
á Akureyri

Orðaforði undirstaða lesskilnings

Mikil fylgni er á milli orðaforða og lesskilnings og rannsóknir sýna marktæka fylgni milli orðakennslu og námsárangurs (Marzano, 2004). Að mati kennara er slakur orðaforði ein helsta ástæða þess að lesskilningur og námsárangur nemenda er slakur. Ýmsar vísbendingar eru um að lesskilningi fari aftur, t.d. nýlegar PISA og PIRLS kannanir. Lykilþættir í að efla lesskilning eru m.a. að efla



orðvitund og orðaforða (NRP, 2000). Góður orðaforði er nauðsynlegur til að tjá hugsun sína á blæbrigðaríkan hátt en er líka mikilvæg forsenda þess að afla sér þekkingar

Orð af orði

Meginmarkmið *Orðs af orði* er að auka skilning í lestri og námi með því að efla orðvitund og orðaforða, fella orðakennslu að hefðbundinni kennslu og gera að föstum lið í kennslu námsgreina. Lögð er áhersla á að vinna eftir tiltekinni hugmyndafræði en virkja kennara til að þróa sínar eigin aðferðir út frá henni. Ráðgjafi í verkefninu leggur til fræðslu og framkvæmdaáætlun, fundar reglulega með kennurum og getur eftir atvikum fylgst með kennslustundum og tekið þátt í kennsluundirbúningi.

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennslu og margbreytileg viðfangsefni af ýmsu tagi og í verkefninu er talsvert losað um námsbókarstýrða kennslu. Góð reynsla er fengin af verkefninu en allmargir skólar hafa unnið að því allt frá 1.–10. bekk, oftast sem heilsársverkefni. Margir þeirra hafa lagt mat á orðaforða og lesskilning nemenda með prófum í upphafi og við lok verkefnis og niðurstöðurnar eru jákvæðar.

Kynning

Þróunarverkefnið

Orð af orði var kynnt

á ráðstefnunum

Læsi á 21. öld í apríl

2005 á Akureyri, á

9. málþingi RKHÍ í

október 2005 í

Reykjavík og á ráð-

stefnunni *Ný lög, ný*

tækjafari – Samræða milli skólastiga á Akureyri 2006. Þá

kynntu kennarar Hrafnagilsskóla þróunarverkefnið á

ráðstefnunni *Leiðir til að efla lesskilning* 6. september

2008 á Akureyri. Í ágúst 2008 hafði Menntasvið

Reykjavíkurborgar forgöngu um námskeið fyrir

kennara í Reykjavík um aðferðir verkefnisins. Fjallað

hefur verið um *Orð af orði* í útvarpsþáttunum *Samfélag*

í nærmynd og *Vítt og breytt* á Rás 1 og í *Svæðisútlit*

Nordurlands á Rás 2. *Fréttablaðið* birti frétt af

verkefninu 22. nóvember 2006 undir fyrirsögninni

„Lestur eykst jafnhliða skilningi“. Í *Morgunblaðinu* 27.

október 2008 undir fyrirsögninni „Börnin njóta sín í

botn í fjölbreyttu skólastarfi“ staðfesti skólastjóri

grunnskólans í Grundarfirði að verkefnið hefði m.a.



skilað sér í auknum lestri bóka.

Þróunarverkefni

Auðvelt er að laga verkefnið að skóla í heild eða að hluta. Þátttakendur fá í hendur fræðilegt efni um gildi orðaforða fyrir lestur og nám, útfærðar kennsluhugmyndir og kennslulíkan en eitt af markmiðum verkefnis er að fá kennara til að haga útfærslu að eigin vinnulagi og aðstæðum og fella kennsluna að sem flestum námsgreinum.

Ráðgjafi:

- * Heldur fræðslufund/námskeið fyrir kennara þátttökuskóla um orðaforða og lestur til náms,
- * leggur kennurum til frekari fræðslu og lesefni; fjallar um orðaforða og aðferðir til að efla hann, leggur til sýnidæmi um kennsluáætlanir og veitir kennurum aðstoð við að gera sínar eigin kennsluáætlanir,
- * leggur fram hugmyndir um kennslu út frá efni við, sögutextum eða námsefni á viðkomandi stigi,
- * leggur til framkvæmdaáætlun yfir ákveðið tímabil og veitir kennurum ráðgjöf og handleiðslu; hittir kennarahópin/hópana, safnar matsgögnum og vinnur eftir atvikum úr þeim.

Kennarar:

- * læra fjölbreyttar aðferðir í vinnu með orðaforða; þróa mismunandi kennsluhugmyndir og fella orðakennslu að því námsefni sem unnið er með hverju sinni í skólanum,
- * kenna nemendum a.m.k. þrisvar til fimm sinnum í viku þar sem uppistaðan í kennslunni lýtur að orðaforða,
- * ígrunda og meta verkefnið í heild ásamt ráðgjafa.